

Miðvikudagur 5. júní 1974

Nr. 90/1974: **Þorsteinn L. Þorsteinsson**
 gegn
Guðlaugi Einarssyni.

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Þorsteinn L. Þorsteinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudagur 10. júní 1974.

Nr. 94/1973: **Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Jóhanni Jóhannessyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómurarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Opinberir starfsmenn. Aldurshámark. Eftirlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1973. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 27/1935 um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna var kveðið á um það, að sérhver opinber starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau réðu yfir, skyldi leystur frá embætti sínu eða starfi, þegar hann væri orðinn fullra 65 ára. Þó var heimilt samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna, að þeir, sem þættu til þess nógu ernir til sálar og líkama, héldu störfum sínum, þar til þeir væru fullra 70 ára. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. mátti leysa starfsmenn frá starfi, hvenær sem var á tímabilinu frá 65 ára aldri til 70 ára, en þá urðu þeir að láta af starfi skilmálalaust. Enn sagði svo í 1. mgr. 2. gr. laga þessara, að þegar opinberum starfsmönnum væri veitt lausn frá störfum samkvæmt 1. gr., skyldi miða lausnina við 1. dag næsta mánaðar, eftir að þeir urðu 65 eða 70 ára, nema ráðherra þætti annar tími á árinu hagkvæmari vegna manna-skipta.

Lög nr. 27/1935 héldust að mestu óbreytt, þar til aldursmark samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra var með 1. gr. laga nr. 5/1947 hækkað úr 65 árum í 70 ár, en starfsmanni veitt heimild til að láta af starfi með rétti til eftirlauna, þegar hann var orðinn fullra 65 ára. Með sömu lögum var felld úr gildi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1935, sem áður er greind. Við 1. mgr. 2. gr. var hins vegar ekki hróflað.

Er lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett, leysti 13. gr. þeirra lög nr. 27/1935 af hólmi, að því er varðaði þá starfsmenn, sem hin nýju lög náðu til. Samkvæmt ákvæði þessu var aldurshámark hið sama og verið hafði, en ekki kveðið sérstaklega á um það, frá hvaða degi lausn skyldi veitt, svo sem verið hafði í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1935. Þó má ætla, að tilgangurinn hafi ekki verið að víkja í því efni frá eldri reglum. Verður ótvírætt ráðið af greinargerð með frumvarpinu og af umræðum um það á Alþingi, að litið var svo á, að 13. gr. frumvarpsins væri að öllu leyti í samræmi við þær reglur, sem áður höfðu gilt.

Í yfirlýsingu fjármálaráðuneytis frá 4. febrúar 1972 segir m. a. svo: „Skv. ákv. 13. gr. l. nr. 38/1954 skal veita starfsmanni lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri. Um

árabil hafa lagaákvæði þessi verið framkvæmd á þann veg, að hafi starfsmaður sjálfur ekki leitað eftir lausn úr stöðu, hefur hann gegnt stöðunni til loka þess almanaksárs, er hann varð 70 ára á. Eftirlaunagreiðslur úr lífeyrissjóði hefjast ekki fyrr en stjórn lífeyrissjóðs hefur borist staðfesting þess efnis, að væntanlegur lífeyrisþegi sé hættur að taka föst laun“. Samkvæmt þessu er leitt í ljós, að eftir gildistöku laga nr. 38/1954 hefur verið fylgt sömu reglu um lausn starfsmanna ríkisins fyrir aldurs sakir og sett var með 1. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1935. Að því er sérstaklega varðar starfsmenn Landsbanka Íslands, þá verður það enn fremur ráðið af vætti Einvarðs Hallvarðssonar, sem rakið er í héraðsdómi, að framkvæmdin hefur þar verið hin sama.

Samkvæmt aðdraganda 13. gr. laga nr. 38/1954, sem að framan er rakin, svo og þeirri framkvæmdavenju, sem greind var, þykir verða að skýra ákvæði þetta þannig, að heimilt sé að láta opinberan starfsmann gegna starfi sínu til loka þess árs, er hann nær sjötugsaldri. Gildir þetta um stefnda, þar sem telja verður, að lög nr. 38/1954 hafi tekið til starfs hans, sbr. og 6. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands frá 21. október 1960, en þar er skírskotað beint til 13. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndi gegndi stöðu sinni frá því að hann náði sjötugsaldri til ársloka sama ár án nokkurra breytinga á starfskyldum, svo að séð verði, og án sérstakrar lausnarveitingar frá starfi eða endurráðningar hans sem lausráðins starfsmanns. Var þetta gert með fullu samkomulagi stefnda og starfsmannastjóra Landsbankans. Í 7. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands er það skilyrði sett fyrir rétti starfsmanns til eftirlauna úr sjóðnum, að sjóðfélagi hafi látið af starfi. Stefndi lét samkvæmt framansögðu af starfi í árslok 1968 og öðlaðist því ekki rétt til eftirlauna frá fyrri tíma að telja. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóhanns Jóhannessonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jóhann Jóhannesson, Melhaga 10 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 9. maí 1972, á hendur Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands til greiðslu á kr. 79.625.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi, er gefið hefur skýrslu fyrir dóminum, kveður mála-vexti þá, að hinn 14. ágúst 1968 hafi hann orðið sjötugur og hafi hann þá verið búinn að starfa óslitið í föstu starfi í Landsbanka Íslands frá 4. janúar 1928. Stefnandi kveður starfsmannastjóra Landsbanka Íslands, Einvarð Hallvarðsson, hafa spurt sig að því, hvort hann ætlaði ekki að starfa út árið sem lausráðinn, en á fullum launum, eins og venja hafi verið. Kveðst stefnandi hafa tekið þessu með þökkum. Ekki kveður stefnandi hafa verið minnst á eftirlaun í þessu sambandi. Hinn 6. desember 1968 ritaði stefnandi stjórn Landsbanka Íslands bréf og fór þess á leit, að sér yrði fyrst um sinn gefinn kostur á að vera áfram í starfi sínu sem lausráðinn með sömu launum og hann hafði haft. Stefnandi kveður starfsmannastjórnann hafa borið sér þau boð frá stjórn bankans, að þetta væri því miður ekki hægt. Með bréfi, dags. hinn 5. febrúar 1969, bar stefnandi þau tilmæli fram við stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands, að sér yrðu greidd full eftirlaun frá 14. ágúst 1968 til ársloka, enda taldi hann sig eiga fullan og óskoraðan löglegan rétt til þeirra. Með bréfi stefnda, dags. hinn 28. mars 1969, var þessum tilmælum stefnanda hafnað á þeim grundvelli, að stefnandi hefði haldið stöðu sinni og fullum launum til ársloka 1968.

Í samræmi við ákvæði 20. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands var ágreiningsefnið lagt undir úrskurð bankaráðs Landsbanka Íslands. Kvað bankaráðið upp

þann úrskurð hinn 7. apríl 1972, að stefnda skyldi ekki skylt að verða við kröfu stefnanda. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta.

Einvarður Hallvarðsson, sem var starfsmannastjóri Landsbanka Íslands frá 1. maí 1956 til ársloka 1971, hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að það hafi verið samkvæmt venju hjá Landsbanka Íslands og sem hann telur, að hafi verið hjá fleiri aðiljum, að starfsfólk hafi fengið að starfa áfram til næstu áramóta, eftir að það náði 70 ára aldri, á óbreyttum kjörum. Kveðst Einvarður minnst þess, að hann og stefnandi hafi ræðst við um það, að stefnandi starfaði áfram í þágu bankans, eftir að hann næði 70 ára aldri, en ekki kveðst hann muna nákvæmlega, á hvaða tíma það var. Ekki kveðst Einvarður muna nákvæmlega, hvort hann eða stefnandi átti frumkvæðið að þessum viðræðum þeirra, þó hann hyggi, að stefnandi hafi átt frumkvæðið. Kveðst Einvarður hafa samþykkt, að stefnandi starfaði áfram til áramóta, en ekki lengur, enda kveðst hann ekki hafa talið sig hafa heimild til að samþykkja framhald á því. Ekki kveður Einvarður hafa verið rætt um það, hver kjör stefnanda yrðu frá 14. ágúst 1968 til ársloka, og kveðst hafa talið, að þau yrðu óbreytt frá því, sem verið hafði. Ekki kveðst Einvarður minnst þess, að rætt hafi verið um eftirlaun stefnanda.

Krafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt 3. gr. reglugerðar um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands frá 24. október 1960 skuli allir fastráðnir starfsmenn bankans vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, á meðan þeir starfi í bankanum. Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar sé starfsmanni heimilt að láta af störfum með rétti til eftirlauna, hvenær sem er eftir 65 ára aldur, en skylt sé honum að láta af störfum, er hann hefur náð 70 ára aldri, sbr. og lög nr. 38/1954, 13. gr. Ef starfsmaður vinni áfram, eftir að hann hefur náð 70 ára aldri, geti hann ekki skoðast fastráðinn samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar, heldur lausráðinn, og breyti þar engu um, þótt starfsmaður hafi haldið fullum launum. Er því haldið fram, að starfsmannastjóri bankans hafi boðið stefnanda að starfa til ársloka 1968 og hafi stefnandi tekið því boði. Ekkert hafi þá verið minnst á eftirlaun eða önnur kjör stefnanda. Er því haldið fram, að stefnandi eigi rétt á fullum eftirlaunum frá 14. ágúst 1968 til ársloka, enda skipti engu máli, þótt stefnandi ynni á þessum tíma hjá Landsbanka Íslands, því ef stefnandi hefði ráðið sig til vinnu hjá öðrum aðilja frá 14. ágúst 1968 til ársloka, hefði stefndi orðið að

greiða honum eftirlaunin skilyrðislaust samkvæmt ákvæðum 6. gr. reglugerðarinnar, sbr. og ákvæði 13. gr. laga nr. 38/1954. Því sé stefnanda gert bótaskyldt tjón, ef hann verði sviptur eftirlaunagreiðslum þeim, sem um er deilt. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að það sé fortakslaust skilyrði samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, að starfsmaður hafi látið af starfi, til þess að hann geti öðlast rétt til greiðslna úr sjóðnum og að þetta sé venjuhelguð réttarregla. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hugtakið fastráðinn starfsmaður sé ekki óljóst hugtak, heldur sé það skýrt markað með ákvæði 4. gr. laga nr. 38/1954. Þá er því mótmælt, að það hafi verið lagabrot af hálfu fyrirsvarsmanna Landsbanka Íslands að láta stefnanda vinna áfram við bankann, eftir að hann náði 70 ára aldri, en ef svo sé, þá sé það sök fyrirsvarsmanna bankans, sem öllu hafi ráðið um þetta efni. Þá er mótmælt niðurstöðu úrskurðar bankaráðs Landsbanka Íslands, enda sé úrskurðurinn byggður á röngum grundvelli.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að hugtakið „eftirlaun“ þýði greiðsla á launum, eftir að maður hefur látið af störfum. Um eftirlaun starfsmanna Landsbanka Íslands gildi ákvæði 7. gr. reglugerðar um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands. Stefnandi hafi fullnægt ákvæðum þeirrar greinar nema því, að hann hafi ekki látið af störfum. Það hafi verið að eigin ósk stefnanda, að hann hafi fengið að starfa áfram, eftir að hann náði 70 ára aldri, til ársloka 1968. Stefnandi hafi því ekki látið af starfi hjá Landsbanka Íslands fyrr en þá og því eigi hann ekki rétt á eftirlaunum úr sjóðnum fyrir tímabilið 14. ágúst til 31. desember 1968. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að það sé viðtekin regla sambærilegra lífeyris- og eftirlaunasjóða að greiða ekki eftirlaun, fyrr en starfsmaður láti af starfi. Þá er bent á það af hálfu stefnda, að samkvæmt 8. gr. reglugerðar sjóðsins geti enginn fengið örorkulífeyri, á meðan hann haldi fullum launum, þrátt fyrir örorkuna. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að um starfstíma og eftirlaun opinberra starfsmanna gildi sömu reglur og samkvæmt reglugerð Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki borið fram kröfu um greiðslu eftirlauna, fyrr en eftir að hann lét af starfi, og megi fullyrða, að Landsbanki Íslands hefði ekki leyft stefnanda að starfa út árið 1968 á fullum launum, ef fyrirsvarsmenn hans hefðu haft hugboð um, að stefnandi mundi auk launa krefja stefnda um full eftirlaun.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands var stofnað-

ur með heimild í 49. gr. laga nr. 10/1928 um Landsbanka Íslands, og er fyrsta reglugerð sjóðsins frá 14. desember 1928. Hinn 7. júlí 1948 var sjóðnum sett ný reglugerð. Samkvæmt C lið 35. gr. laga nr. 63/1957 um Landsbanka Íslands, sem komu í stað laga nr. 10/1928, var sjóðnum sett ný reglugerð, sem staðfest var af bankaráðinu hinn 21. október 1960. Eftir gildistöku nágildandi laga um Landsbanka Íslands nr. 11/1961 og reglugerðar nr. 30/1962 hefur ekki verið sett ný reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands. Fer því um réttarstöðu stefnanda gagnvart stefnda eftir ákvæðum fyrrgreindrar reglugerðar frá 21. október 1960, og er það ágreiningslaust. Í 3. gr. reglugerðarinnar segir m. a. svo: „Allir fastráðnir starfsmenn bankans, að undanskildum framkvæmdastjórunum og þeim starfsmönnum, sem sinna ekki daglegum bankastörfum, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, meðan þeir starfa í bankanum...“ 6. gr. reglugerðarinnar er svohljóðandi: „Heimilt er starfsmanni að láta af störfum, með rétti til eftirlauna, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, en getur þó skv. 13. gr. laga frá 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verið áfram við störf, njóti hann nægilegrar starfsorku að dómi tryggingayfirlæknis, þó eigi lengur en þar til hann er fullra 70 ára að aldri, og unnið sér þar með viðbótar lífeyrisréttindi, hafi hámarki eigi verið náð, enda sé iðgjaldsgreiðslum haldið áfram, meðan hann starfar í bankanum (sbr. 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar)“.

Í 7. gr. greindrar reglugerðar segir m. a. svo: „Hver sjóðfélagi, sem lætur af starfi og greitt hefir iðgjald til sjóðsins í 10 ár eða lengur og orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum...“

Eigi er ágreiningur um það, að stefnanda sé heimilt að bera mál þetta undir almenna dómstóla með þeim hætti sem gert er, þrátt fyrir úrskurð bankaráðs Landsbanka Íslands. Í 13. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir m. a. svo: „Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri...“ Samkvæmt þessu getur maður ekki gegnt starfi sem skipaður, settur eða ráðinn venjulegri ráðningu samkvæmt lögum þessum, eftir að hann hefur náð 70 ára aldri. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi starfað hjá stefnda sem lausráðinn starfsmaður samkvæmt sérstökum samningi eftir 14. ágúst 1968 og eigi því rétt á eftirlaunum úr hendi stefnda fyrir hið umdeilda tímabil. Er og á það að líta, að fram er komið, að stjórn

stefnda hefur ekki afskipti af því, hvort starfsmenn, sem hættir eru störfum í þjónustu bankans og taka eftirlaun, taki að sér launuð störf fyrir aðra, enda hafi slíkar launagreiðslur ekki áhrif á greiðslur eftirlauna. Verður eigi talið í ljós leitt, að fyrir hendi sé venjuhelguð réttarregla, er hnekkir þessari niðurstöðu. Verður eigi heldur fallist á það, að stefnandi hafi fyrirgert rétti til eftirlauna greint tímabil, þótt hann hefði ekki uppi kröfu um eftirlaunin fyrr en raun varð. Það er ágreiningslaust, að eftirlaun stefnanda fyrir hið umdeilda tímabil nemi stefnufjárhæðinni. Verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 79.625.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands, greiði stefnanda, Jóhanni Jóhannessyni, kr. 79.625.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
